

Hönnun þjóðvega í þéttbýli

Erna Hreinsdóttir, Vegagerðinni

Á heimsíðu Vegagerðarinnar er að finna ýmis verkfæri fyrir þá sem koma að hönnun vegna. Þar eru vegalög sem okkur ber að fylgja eins og öðrum landslögum. Þar eru veghönnunarreglur sem eru reglugerð tengd vegalögum. Reglurnar eru ófrávikjanlegar nema að því leyti að mögulegt er að sækja um, með rökstuddri beiðni til vegamálastjóra, ef hönnuðir telja brýnt að víkja frá þeim. Vegagerðin hefur gefið út ýmsar leiðbeiningar. Leiðbeiningarnar eru vandlega yfirfarnar og lesnar af hópi vegagerðarmanna og öðrum áður en þær eru gefnar út. Leiðbeiningarnar eru til eftirbreytni. *Leiðbeiningar um hönnun þjóðvega í þéttbýli* eru unnar fyrir fé úr Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Erna Hreinsdóttir og Baldur Grétarsson á Veghönnunardeild Vegagerðarinnar ásamt Guðrúnu Gunnarsdóttur frá Verkís og Þorsteini Hermannssyni frá Mannviti unnu að leiðbeiningunum. Tilgangur leiðbeininganna er að samræma vinnubrögð innan Vegagerðarinnar og gera samvinnu Vegagerðarinnar við sveitarfélög og ráðgjafa markvissari. Jafnframt eiga þær að stuðla að einsleitara vegakerfi til framtíðar.

Þar sem þjóðvegir liggja um þéttbýli geta mismunandi hlutverk vegarins stangast á. Íbúar kvarta yfir of hröðum akstri, að öryggi sé ábótavant, að tafsammt sé komast inn á veginn eða þvera hann og að aðbúnaður fyrir óvarða vegfarendur sé ófullnægjandi. Vöruflutningabílstjórar kvarta hins vegar yfir óþarfa tölum, ójöfnum aksturshraða og að aðgerðir hafi meiri áhrif á þá en aðra ökumenn. Niðurstaða leiðbeininganna er að besta kosturinn sé að færa þjóðveginn framhjá þéttbýlinu. Vegurinn þjónar þá fyrst og fremst gegnumstreymisumferð, hann léttir umferð af þéttbýlinu, eykur flutningsgetu, færir þungaumferð úr þéttbýlinu, dregur úr loft- og hljóðmengun í þéttbýlinu og auðveldara verður að bæta aðstæður fyrir óvarða vegfarendur innan þéttbýlisins. Aðgengi að iðnaðarsvæðum batnar sem og aðgengi íbúa að þjóðveginum. Jafnframt styttest heildar ferðatími.

En t.d. þar sem byggð nær milli fjalls og fjöru þarf þjóðvegurinn að þjóna öllum vegfarendum. Of mikill kostnaður við gerð nýs vegar eða hagsmunir einstakra aðila eða samtaka geta leitt til þess að gera verði aðgerðir á núverandi þjóðvegi þar sem leitast er við að setta ólík sjónarmið. Leiðbeiningar um hönnun þjóðvega í þéttbýli eiga við um slíkar aðstæður.

Í leiðbeiningunum er farið yfir þá þætti sem liggja eiga til grundvallar hönnun svo sem eins og:

- Hönnunarumferð
- Umferðarrýmd
- Samsetning umferðar
- Umhverfi vega
- Greiðar samgöngur
- Leyfilegur hámarkshraði
- Hraði og afleiðingar slysa
- Loftmengun
- Hljóðmengun
- Óvarðir vegfarendur

Áhrif hraða
Veghelgunarsvæði
Öryggissvæði
Fjarlægð á milli vegamóta

Svo tekur við eiginleg geometrisk hönnun:
Hraðatakmarkandi aðgerðir
Vegamót/gatnamót
Bílastæði
Miðeyjar
Þrengingar
Upphækkningar
Umhverfi vegarins
Stígar

Að lokum er farið yfir þætti eins og:
Rekstur
Þveranir fyrir óvarða vegfarendur
Samræmi við opinberar áætlanir

Af ofanefndu er hér aðeins gerð nánari grein fyrir þéttbýlishliðum og gangbrautum.

Í leiðbeiningunum er mælt með ákveðinni tegund af þéttbýlishliðum. Slík hlið hafa verið sett upp á nokkrum stöðum um landið og hafa gefist vel, t.d. á Laugarvatni. Mælt er með að hliðin séu nálægt hinu eiginlega þéttbýli þannig að ökumaður skynji ástæðu fyrir breytingu á leyfilegum hámarks hraða.

Vegagerðin mælir með að gangbrautir séu fáar og öruggar. Í leiðbeiningunum er farið yfir hvað gangbraut sé. Niðurstaðan er sú að forsenda fyrir gangbraut séu gangbrautarskilti og að jafnaði skuli merkja hana með hvítum samhliða röndum langsum á vegi. Ökumaður sem nálgast gangbraut skal nema staðar til að veita gangandi færi á að komast yfir akbraut. Gangbraut með miðeyju eykur öryggi gangandi vegfarenda til muna þar sem gangandi vegfarandi þarf aðeins að huga að einum straumi umferðar í einu. Miðeyjan hefur þau áhrif að akandi umferð fer hægar. Jafnframt er minni hættu á að ekið sé á gangandi vegfarenda við framúrakstur. Hliðsett miðeyja eykur öryggið enn frekar og hægir jafnframt á akandi umferð.